PRENTÞJÓNUSTA

# TUNNAN

tunnan@tunnan.is

Sími: 467 - 1288





Fasteignasala í Fjallabyggð

VINNUM SAMAN Í HEIMABYGGÐ

Amdís Erla Jónsdóttir


38. tbl. 35. árg. 15.- 21. nóv. 2023


## Jólagjafir starfsmanna!



***Hugmynd að jólagjöfum fyrir þína starfsmenn***

***Gjafir sem hægt er að sníða að ykkar óskum.***

***Fyrirtækið framleiðir eftirtaldar gæðavörur:***

***> Grafinn lax***
***> Einiberjagrafinn lax***
***> Birkireyktur lax***
***> Birkireyktur silungur***



**Verslum í heimabyggð!**

***Þetta eru flottar gjafir fyrir starfsmenn og nytsamlegar yfir jólahátíðina.***

**Betri vörur ehf. - Múlavegi 7, - 625 Ólafsfirði -**
**Sími 466-1212 - betrivorur@simnet.is**



Segull 67

Opið hjá okkur
Fimmtudagur 16-19*
Föstudagur 15-22*
Laugardagur 14-22

HAPPY HOUR
*16-19

67

ÖL – VÍN – KAFFI – TE – OG FLEIRA


**SKILAFRESTUR FYRIR AUGLÝSINGAR Í TUNNUNA.**
**ÞURFA AÐ BERAST FYRIR KL. 10.00 Á ÞRIÐJUDÖGUM.**

***BLAÐBERA*** **VANTAR TIL AÐ BERA ÚT TUNNUNA Á SIGLUFIRÐI.**
**HAFA SAMBAND: 467-1288 eða albert@tunnan.is**

Fjallabyggð







# HAUSTFUNDUR

## Ferðaþjónustu-, menningar-, afþreyingar- og þjónustuaðila Fjallabyggð

Markaðs- og menningarnefnd Fjallabyggðar stendur fyrir fundi með ferðaþjónustu-, menningar-, afþreyingar- og þjónustuaðilum í Fjallabyggð.
Fundurinn verður haldinn í Tjarnarborg
þriðjudaginn 21. nóvember nk. frá kl. 17:00 til 18:00

ALLIR VELKOMNIR





# DAGATALSKUBBAR
## OG SPJÖLD
**S: 467-1288**

**PANTA ÞARF KUBBA OG SPJÖLD!**

**Canon PIXMA TS705a A4**
bleksprautuprentari með Wi-Fi
og 350 blaða skúffu
**kr. 15.500,-**

**TUNNAN**
**S:467-1288**




***BLAÐBERA*** **VANTAR TIL AÐ BERA ÚT TUNNUNA Á SIGLUFIRÐI.**
**HAFA SAMBAND: 467-1288 eða albert@tunnan.is**

# VIÐBURÐADAGATAL Á AÐVENTU Í FJALLABYGGÐ

Undanfarin ár hefur Fjallabyggð gefið út viðburðadagatal fyrir jólin
þar sem m.a. er birt dagskrá hinna ýmsu þjónustuaðila, félaga,
safna og setra, skóla, kirkjunnar og fleira.

Ef þú vilt koma þínum viðburði til skila til íbúa með þátttöku í dagatalinu
þarftu að senda upplýsingar um hann til markaðs- og menningarfulltrúa
á netfangið **lindalea@fjallabyggd.is fyrir 23. nóvember nk.**
Birting í dagatalinu er þér að kostnaðarlausu
og verður það m.a. birt á vef Fjallabyggðar.

## VIÐ KVEIKJUM JÓLALJÓSIN

Ljósin verða kveikt á jólatrénu á **Siglufirði föstudaginn 1. desember kl. 17:00**
og við Tjarnarborg í **Ólafsfirði laugardaginn 2. desember kl. 16:00.**

## JÓLAMARKAÐUR TJARNARBORGAR

Hinn árlegi jólamarkaður Tjarnarborgar verður haldinn
**laugardaginn 2. desember frá kl. 13:00 - 16:00**
Þeir sem hafa hug á því að fá borð eða panta jólahús vinsamlegast hafi samband
við Ástu í síma 853 8020 eða á netfangið astas@fjallabyggd.is



Fjallabyggð

# Auglýsing um skipulag í Fjallabyggð

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 - Verslun og þjónusta á Brimnestungu**

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 12. október sl. að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 í samræmi við 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin gerir m.a. ráð fyrir því að fyrirhuguð landfylling verði felld út þar sem hún mun eyðileggja þær náttúrulegu aðstæður sem skapa öldumyndun fyrir brimbrettaiðkun, strandsvæði (301 ST) stækkar og nær yfir varnargarða sem áður voru skilgreindir sem hafnarsvæði, reitur fyrir verslun og þjónustu á Brimnestungu er afmarkaður fyrir brimbrettaaðstöðu og tengda starfsemi. Einnig er hverfisverndarsvæði skilgreint frá fjöru að netlögum. Markmið með verndinni er að varðveita sjávarbotninn sem skapa öldur sem eru eftirsóknarverðar fyrir brimbrettaiðkun. ***Nánari upplýsingar eru á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar undir slóðinni:***
**skipulagsgatt.is/issues/112**

**Tillaga að deiliskipulagi fyrir brimbrettaaðstöðu við Brimnestungu í Ólafsfirði**
Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 12. október 2023 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir brimbrettaaðstöðu við Brimnestungu í Ólafsfirði skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er um 1,6 ha. og markast af Námuvegi til suðurs, Ólafsfjarðarvegi til vesturs og sjó til norðurs og austurs. Markmið deiliskipulagsins er að skipuleggja útisvæði og byggð sem styður brimbrettaiðkun og sjósund á svæðinu og fellur vel að landinu. ***Nánari upplýsingar eru á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar undir slóðinni:*** **skipulagsgatt.is/issues/111**

---

Tillögur að breyttu aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi liggja frammi á upplýsingatöflu á 3. hæð Ráðhúss Fjallabyggðar við Gránugötu 24 á Siglufirði frá 13. nóvember 2023 til 1. janúar 2024 og á nýjum vef Skipulagsstofnunar, **www.skipulagsgatt.is**

Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 1. janúar 2024. Eingöngu er tekið við athugasemdum og ábendingum á rafrænan hátt í gegnum skipulagsgátt. Hægt er að óska eftir nánari leiðbeiningum í gegnum netfangið iris@fjallabyggd.is

**Skipulagsfulltrúi.**

# 40 ára Afmælisfundur

## Félagsfundur Félags eldriborgara í Siglufirði

**Afmælisfundur verður haldinn sun. 19. nóv. í sal Skálarhlíðar kl. 15.00.**

**Þá verður félagið 40 ára.**

**Dagskrá:**

**Formaður fer yfir feril félagsins.**

**Sturlaugur Kristjánsson verður með okkur með harmonikkuna, söngur og fjör.**

**Eins og við samþykktum á síðasta fundi þá kostar kaffið og meðlæti kr. 2500.-**

**Mætum öll og fögnum 40 árum.**

**Stjórn FEBS.**

HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands

## SÉRFRÆÐINGUR

Heilbrigðisstofnuninni Fjallabyggð Siglufirði

**Erlingur Hugi Kristvinsson**
Háls-nef og eyrnalæknir

Föstudaginn 8. desember næstkomandi.

Tímapantanir í Síma **432-4300** og **432-4350**
Alla virka daga frá 8:00 til 15:30

Fjallabyggð

# Bæjarlistamaður Fjallabyggðar
# 2024

## Ástþór Árnason

hefur hlotið nafnbótina
Bæjarlistamaður Fjallabyggðar 2024

Fjallabyggð, 9. nóvember 2023
Markaðs- og menningarnefnd Fjallabyggðar

HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands **BÓLUSETNINGAR**

## Næstu bólusetningar gegn inflúensu og Covid-19 á HSN-Fjallabyggð

### Fim. 16. nóvember og fim. 23. nóvember

Bólusett er fyrir inflúensu og Covid-19 á sama tíma.
Almenningur getur pantað inflúensubólusetningu og þarf að greiða fyrir bóluefnið.
**Athugið að Covid-bólusetning er eingöngu fyrir forgangshópa.**
Þeir sem eiga rétt á að fá Covid-bólusetningu eru þeir sem eru með langvinna sjúkdóma, 60 ára og eldri, barnshafandi konur og heilbrigðisstarfsmenn sem sinna fólki í áhættuhópum.
**Vinsamlegast pantið tíma í s. 432-3200 (Siglufjörður) og 432-4350 (Ólafsfjörður) og takið fram í hvaða bólusetningu.**

Fjallabyggð

## Seinni hunda- og kattahreinsun

### Dýralæknir verður í Fjallabyggð fimmtudaginn 16. nóvember:

**Námuvegi 11 Ólafsfirði kl. 13-15**

**Áhaldahúsinu Siglufirði kl. 16-18**

Hunda- og kattaeigendum er skylt að mæta með hunda og ketti sína til hreinsunar og er það innifalið í leyfisgjaldi sem þarf að vera greitt fyrir hreinsun. Ef hreinsun hefur þegar farið fram eru eigendur vinsamlegast beðnir um að koma í áhaldahús og framvísa vottorði því til staðfestingar eða senda á fjallabyggd@fjallabyggd.is

**- Dýraeftirlit Fjallabyggðar -**

# minarsidur.ein.is

## Smelltu þér í heimsókn!

### Á Mínum síðum getur þú m.a.

Sótt um styrki úr sjúkrasjóði og fræðslusjóði
Bókað orlofshús og íbúðir
Skoðað orlofspunktastöðu

Við viljum vera í góðu sambandi við félagsmenn og mælum með að skrá símanúmer og netfang inn á Mínar síður.

Varðandi greiðslu umsókna og greiðslu úr Félagsmannasjóði er nauðsynlegt að skrá bankaupplýsingar.

EINING-IÐJA

**460 3600 | ein@ein.is | www.ein.is | minarsidur.ein.is**